

# Sagnþraut 2

Þú átt í suður ...

Suður

♠ 5

♥ ÁKD108

♦ 8

♣ KD8743

Vestur gefur; enginn á hættu. Sveitakeppni.

Vestur      Norður      Austur      Suður

3 ♦

3 ♠

4 ♦

???

Hver er sögnin?

-----

**gildir til 8.júní 2007**

Hægt að svara á "Spjallinu", í Sumarbridge hjá BSÍ eða í tölvupósti: [gpa@simnet.is](mailto:gpa@simnet.is)

# Sagnþraut 1 - svör

## Allt spilið ...

A/Allir	NORÐUR		
	♠	-	
	♥	ÁKG85	
	♦	D86	
	♣	K9864	
VESTUR		AUSTUR	
♠	G983	♠	ÁD10754
♥	-	♥	1043
♦	K10974	♦	G53
♣	ÁD72	♣	5
	SUÐUR		
	♠	K62	
	♥	D9762	
	♦	Á2	
	♣	G103	

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	2 ♠ *	Pass
4 ♠	Dobl	Pass	???

\* veikir tveir

Svo sem sjá má vinnast 4♠ í AV og 5-6♥ í NS. Það heppnast því vel hér að taka út í 5♥, en hvort sögnin er “rétt” er annað mál og umdeilanlegra.

Spilið er frá úrslitaleik HM 1977 (og þar passaði suður: 790 í AV), en ég sá þrautina í mál gagni bandaríska bridssambandsins, **ACBL Bridge Bulletin** (mars 1998).

Sautján þarlendir spekingar sögðu þannig:

Sögn	Fjöldi	Stig
Pass	9	100
5 ♥	7	80
4 G	1	40

## Röksemdir Vestanmanna

**Cohen:** Pass. Vil hafa góða ástæðu til að melda í þessari stöðu (helst 6-lit eða einspil/eyðu í lit mótherja.

**Treadwell:** Pass. Býst við 800-kalli.

**Oshlags-hjónin:** Pass. Myndum þó taka út ef ♠K væri í öðrum lit.

**Soloway:** Pass. ♠K segir mér að verjast.

**Jabbour:** 5♥. Enginn myndi hafa ráð á mér ef ég vissi alltaf hvað rétt væri að gera í slíkum stöðum.

**Su Picus:** 5♥. Ég veit að 4♠ fara niður, en það er meira fyrir þetta.

**Gitelman:** 5♥. Mér finnst eins og bæði 4♠ og 5♥ fari einn niður, en hér er of mikið í húfi til að treyta á tilfinninguna eina. Það er rétt að taka út ef annar samningurinn stendur og ef báðir vinnast er það “virkilega rétt”. Vona að Larry Cohen styðji mig. (Cohen gerir það ekki, eins og fram hefur komið)

## Íslensk svör

Fimmtán svör bárust af Spjallinu og önnur sjö í Sumarbríðs í Síðumúlanum. Þetta var útkoman ...

Sögn	Fjöldi
5 ♥	9
Pass	8
6 ♥	4
6 G	1

## Íslensk rök

**Páll Þórssón:** PASS. Finnst það sjálfsagt.

**Stefán Jónsson:** PASS. Ekki þó sammála Páli að passið sé sjálfgefið. Reynslan hefur kennt mér að ég tapa alltaf í þessari stöðu - ef ég passa þá annað hvort missum við slemmu eða 4♠ vinnast, en ef ég melda 5♥ breyti í +500 í -500. En það er eitt og annað sem mælir með passinu, til dæmis að makker gat ekki meldað 4G (tveir litir) ef hann vildi alls ekki verjast í spílinu.

**Pétur Guðjónsson:** 6♥. Nenni ekki að taka 500 þegar ég á 1430.

**Sigurbjörn Haraldsson:** 5♥. Horfandi á mín spil finnst mér mjög líklegt að við stöndum a.m.k. 5♥ þegar við eigum 500 eða jafnvel 200 í 4♠ dobluðum og það eru 4-10 impar. Plús 800 er til í dæminu (ef stökkið í 4♠ er yfir-agressíft) og líka mínus 790 (ef skiptingin er mikil). Vissulega ágætis möguleiki að báðir samningar fari niður, en einnig möguleiki að makker geti hækkað 5♥ í 6♥.

**Snorri Karlsson:** 5♥. Myndi segja 6♥ ef ♠K væri í laufi eða hjarta. Annars var ég að velta fyrir mér hvort það væri ekki sniðugt að nota 4G hér einsog **Lebensohl** (sem afmeldingu), þá gæti maður farið í gegnum 4G með hendi eins og ...

♠ xxx ♥ Dxxxxx ♦ x ♣ xxx

Slíkt myndi gera makker auðveldara um vik að hækka í slemmu ef hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því að 5♥ væri hálfgerð fórn.

**Bessi:** Það er margt vitlausara, Snorri, en að mínu mati er alltaf mikilvægara að finna besta fittið frekar en að hafa áhyggjur af slemmum.

**Guðm. P. Arnarson:** Mér finnst vanta umræðu um doblið. Á hvað er leyfilegt að dobla? Ég myndi dobla með ...

(a) ♠ Áxx ♥ Áxx ♦ KDxx ♣ Áxx

(b) ♠ x ♥ KGxx ♦ KDxx ♣ ÁKxx

(c) ♠ - ♥ ÁKGxx ♦ Dxx ♣ Kxxxx

(d) ♠ x ♥ ÁKGxx ♦ KDxxx ♣ Áx

... en ekki með ...

(e) ♠ DGx ♥ ÁDx ♦ KDx ♣ Áxxx

(f) ♠ xx ♥ ÁKGxx ♦ x ♣ KDxxx

Sem sagt: Ég vil *þola* að makker taki út; eiga annað hvort 3+ í öllum litum, eða geta breytt 5♣ í 5♦ með tvo hærri liti - sbr. (d). Ennfremur mega spílin ekki vera of “varnarsinnuð”, eins og í (e), þar sem pass er skást. Með höndina í (f) kemur til greina að passa eða bjóða upp á tvo liti með 4G, en doblið býður þeirri hættu heim að makker segi 5♦, sem væri hræðilegt.

Doblið er sem sagt úttekt, en tryggir almenna vörn um leið. Eftir sem áður þarf svarhönd að reyna að “lesa í stöðuna” og meta á hverju dobl makkers byggist. Hættur skipta þar miklu máli.

Með umrædd spil ...

♠ K62 ♥ D9762 ♦ Á2 ♣ G103

... beinlínis *veit* maður að makker er með *eyðu* í spaða. Hvers vegna?

Það eru *allir á hættu* og þar eð punktarnir í stokknum eru bara 40 hlýtur vestur að vera að segja 4♠ á mikla skiptingu - ekki á hann punktana.

- \* Dobl makkers gæti hugsanlega farið niður í 13 HP, en að meðaltali á hann líklega í kringum 15 HP í þessari stöðu.
- \* Og ef opnun á veikum tveimur er á bilinu 6-10 er meðaltal opnarans 8 HP.
- \* Við eigum 10 HP.
- \* MEÐALTALIÐ: 15+8+10=33 OG LÁGMARKIÐ: 13+6+10=29
- \* Þar með má búast við 7-11 HP hjá vestri (kannski minna, en varla meira en 11).
- \* Ergó: Vestur á skiptingu - fjórlit í spaða og stuttlit til hlíðar.
- \* Að svo mæltu finnst mér sjálfgefið að taka út í 5♥.

# HVERNIG Á AÐ SPILA?

Þú ert í suður ...

NORÐUR

♠ G543

♥ 109

♦ ÁK42

♣ 1098

SUÐUR

♠ ÁK

♥ G75

♦ 93

♣ ÁKDG76

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	1 G *	Dobl
2 ♦	Dobl	Pass	3 ♣
Pass	3 ♠	Pass	4 ♣
Pass	5 ♣	Allir pass	

\* 12-14

Útspil: ♣5

**Hvernig viltu spila?**

(Taktu þér góðan tíma, því þetta er langt frá því að vera einfalt.)

# Lausn á úrspilsbraut

## Hvernig á að spila 5♣?

<p>NORÐUR</p> <p>♠ G543</p> <p>♥ 109</p> <p>♦ ÁK42</p> <p>♣ 1098</p>			
<p>VESTUR</p> <p>♠ 972</p> <p>♥ 8642</p> <p>♦ G10875</p> <p>♣ 5</p>		<p>AUSTUR</p> <p>♠ D1086</p> <p>♥ ÁKD3</p> <p>♦ D6</p> <p>♣ 432</p>	
<p>SUÐUR</p> <p>♠ ÁK</p> <p>♥ G75</p> <p>♦ 93</p> <p>♣ ÁKDG76</p>			

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	1 G	Dobl
2 ♦	Dobl	Pass	3 ♣
Pass	3 ♠	Pass	4 ♣
Pass	5 ♣	Allir pass	

Hvílíkt útspil !

Með einhverju öðru út væri einfalt að trompa hjarta í borði, en nú mun austur nota innkomur sínar á hjarta til að spila laufi tvisvar.

Þá verður að reyna að gera út á ♠D - kanna til dæmis hvort hún komi niður þriðja.

En til að byrja með er rétt að spara samganginn við blindun með því að taka fyrsta slaginn hátt heima. Taka svo ♠ÁK, fara inn í borð á tígul og trompa spaða hátt.

Ekki kemur drottningin.

Þá er tígli spilað á blindan og tígull stunginn hátt. Austur hendir ♥3 í þann slag.

Nú loksins er tímabært að spila hjarta.

Austur drepur og trompar út (annars nær sagnhafi að stinga hjarta í borði).

Blindur fær þann slag og tígli er spilað í þessari stöðu ...

<p>NORÐUR</p> <p>♠ G</p> <p>♥ 10</p> <p>♦ 4</p> <p>♣ 10</p>			
<p>VESTUR</p> <p>♠ -</p> <p>♥ 86</p> <p>♦ G8</p> <p>♣ -</p>		<p>AUSTUR</p> <p>♠ D</p> <p>♥ ÁK</p> <p>♦ -</p> <p>♣ 4</p>	
<p>SUÐUR</p> <p>♠ -</p> <p>♥ G7</p> <p>♦ -</p> <p>♣ D7</p>			

Ótrúlegt, en satt - austur er þvingaður í þremur litum, í spaða, hjarta og TROMPI.

Spilið er fengið að láni úr *The Bridge World* (desember 2006).